

KJARASAMNINGUR

**SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG
ANNARRA AÐILA SEM HÚN HEFUR
SAMNINGSUMBOÐ FYRIR**

OG

STARFSMANNAFÉLAGS GARÐABÆJAR

SAMKOMULAG UM BREYTINGAR OG FRAMLENGINGU KJARASAMNINGS

GILDISTÍMI:

1. MAÍ 2014 til 30. APRÍL 2015

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	3
2. Framlenging gildandi kjarasamninga.....	3
3. Laun samkvæmt gr. 1.1.1.	3
4. Lágmarkslaun.....	3
5. Persónuuppbót / Desemberuppbót	3
6. Fríðagar vegna yfirvinnu.....	3
7. Grein 2.6.7 um uppgjörmáta á vinnu á sérstökum frídögum og stórhátíðum.....	4
8. Ráðningarsamningar.....	4
9. Starfsmenntunarsjóður	4
10. Atkvæðagreiðsla	4
11. Bókanir með kjarasamningi	6
12. Fylgiskjal I: launatöflur.....	7
13. Fylgiskjal III: Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga og bandalags starfsmanna ríkis og bæja	11
14. Fylgiskjal IV: viðauki við Viðræðuáætlun	17

**Samband íslenskra sveitarfélaga og
Starfsmannafélag Garðabæjar**
gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og
framlengingu á kjarasamningi aðila

1. INNGANGUR

Aðilar eru sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að sameiginlegum markmiðum, svo sem bættum vinnubrögðum við samningagerð meðal annars til að skapa samfellu, einfalda og samræma kjarasamninga, auk þess sem lögð verði áhersla á að nýr kjarasamningur taki við af eldri samningi.

Í samkomulaginu felast almennar launahækkanir auk aðgerða sem koma til móts við framkvæmd svokallaðs jafnlaunaátaks/raunfærnimats ríkisins.

Samkomulag BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi viðræðuáætlun og önnur atriði, dags. 2. júlí 2014, gildir einnig um þennan samning og verður hluti hans.

2. FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGA

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

3. LAUN SAMKVÆMT GR. 1.1.1.

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflum og tengitöflu í fylgiskjali I og II.

Launatafla I: Gildir frá 1. maí 2014 til 31. desember 2014

Launatafla II: Gildir frá 1. janúar 2015 til 30. apríl 2015.

4. LÁGMARKSLAUN

Eftirfarandi breyting verður á fjárhæðum lágmarkslauna samkv. gr. 1.1.1.2:

Frá 1. maí 2014, kr. 229.549.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

5. PERSÓNUUPPBÓT / DESEMBERUPPBÓT

Persónuuppbót / desemberuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 kr. 93.500.

6. FRÍDAGAR VEGNA YFIRVINNU

Grein 2.3.10. hljóði svo:

Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna allt að 10

ÖRÓ

frídögum á ári vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið skal greitt við næstu reglulegu útborgun.

Frí vegna yfirvinnu frá fyrra ári, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, skal greitt út sem dagvinnustundir við næstu reglulegu útborgun.

Yfirvinnuálag er 44,44% af yfirvinnutímakaupi starfsmanns. Yfirvinnuálag skal ekki tekið út í fríi, heldur skal það greitt við næstu reglulegu útborgun, þ.e. þegar yfirvinnan ella hefði komið til greiðslu.

7. GREIN 2.6.7 UM UPPGJÖRSMÁTA Á VINNU Á SÉRSTÖKUM FRÍDÖGUM OG STÓRHÁTÍÐUM

Grein 2.6.7 hljóði svo:

Starfsmaður sem vinnur á reglubundnum vöktum alla daga ársins, getur í stað greiðslna skv. gr. 2.3.2 fengið frí á óskertum föstum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf í heilt ár, eða hlutfallslega ef þjónusta fer ekki fram alla sérstaka frídaga

og stórhátíðar daga. Vinnu sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga sbr. framanritað, skal auk þess launa með álagi skv. gr. 1.6.1, sé þessi kostur valinn. Ávinnsla leyfisins miðast við almanaksárið. Starfsmaður sem óskar eftir að breyta vali sínu á milli leyfis og greiðslu, skal tilkynna það skriflega til viðkomandi stofnunar fyrir 1. desember næst á undan.

8. RÁÐNINGARSAMNINGAR

Grein 11.1.3.1 hljóði svo:

Ætíð skal gera skriflegan ráðningarsamning við starfsmann, sbr. samning aðila um ráðningarsamninga og Evróputilskipun. Brjótí atvinnurekandi gegn ákvæðum þessarar greinar getur það varðað hann skaðabótum samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Breytingar á ráðningarkjörum umfram það sem leiðir af lögum eða kjarasamningum er rétt að staðfesta skriflega eigi síðar en mánuði eftir að breytingarnar taka gildi.

9. STARFSMENNTUNARSJÓÐUR

Aðilar eru sammála um að frá og með 1. maí 2014 hækki iðgjald í starfsmenntunarsjóði stéttarfélagsins um 0,1% af heildarlaunum félagsmanna.

10. ATKVÆÐAGREIÐSLA

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu fyrir 10. september

2014. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 14:00 þann 10. september 2014 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 26. ágúst 2014

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
með fyrirvara um samþykki stjórnar

Enga Rún Ólafsdóttir
Ólafur Björnsson
Björgvin E. Ólafsson
Vilhjóni R. Hann
Kjartan Ólafsson

F.h. Starfsmannafélags Garðabæjar, með
fyrirvara um samþykki félagsmanna

Þuríður Þor
Vala Dröfn Hauksd.
Sigurður Hafsteinsson

11. BÓKANIR MEÐ KJARASAMNINGI

Bókun 1 um jafnræði í launum óháð stéttarfélagsaðild

Aðilar eru sammála um að beina þeim tilmælum til sveitarfélaga að jafnræðis verði gætt í launum þeirra starfsmanna sem vinna sömu og/eða sambærileg störf innan sveitarfélags, óháð stéttarfélagsaðild.

Bókun 2 um vinnuaðstæður starfsmanna sem vinna við málefni fatlaðra hjá sveitarfélögum.

Starfshópur skipaður fulltrúum BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga fer yfir vinnuaðstæður starfsmanna sem vinna í félagsþjónustu á heimilum og í dagþjónustu fatlaðs fólks. Skoðað verði hvort að tímabundnar álagsgreiðslur geti átt við þegar breytingar verða á vinnuaðstæðum starfsmanna vegna vinnu þeirra með fólki og hvort eða hvernig meta megi mismunandi álagsstig vegna þessa.

Aðilar eru sammála um að starfsmenn sem hafa menntun sem félagsliðar og starfa í félagsþjónustu sveitarfélaganna, fái laun í samræmi við menntun sína.

12. FYLGISKJAL I: LAUNATÖFLUR

Launatafla I									
Gildir frá 1. maí 2014 til 31. desember 2014									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
115	229.549	234.140	238.731	243.322	247.913	252.504	257.095	261.686	266.277
116	231.750	236.385	241.020	245.655	250.290	254.925	259.560	264.195	268.830
117	233.783	238.459	243.134	247.810	252.486	257.161	261.837	266.513	271.188
118	237.208	241.952	246.696	251.440	256.185	260.929	265.673	270.417	275.161
119	239.817	244.613	249.410	254.206	259.002	263.799	268.595	273.391	278.188
120	240.687	245.501	250.314	255.128	259.942	264.756	269.569	274.383	279.197
121	242.057	246.898	251.739	256.580	261.422	266.263	271.104	275.945	280.786
122	242.595	247.447	252.299	257.151	262.003	266.855	271.706	276.558	281.410
123	244.536	249.427	254.317	259.208	264.099	268.990	273.880	278.771	283.662
124	247.226	252.171	257.115	262.060	267.004	271.949	276.893	281.838	286.782
125	249.945	254.944	259.943	264.942	269.941	274.940	279.938	284.937	289.936
126	252.695	257.749	262.803	267.857	272.911	277.965	283.018	288.072	293.126
127	255.474	260.583	265.693	270.802	275.912	281.021	286.131	291.240	296.350
128	258.284	263.450	268.615	273.781	278.947	284.112	289.278	294.444	299.609
129	261.126	266.349	271.571	276.794	282.016	287.239	292.461	297.684	302.906
130	263.998	269.278	274.558	279.838	285.118	290.398	295.678	300.958	306.238
131	266.902	272.240	277.578	282.916	288.254	293.592	298.930	304.268	309.606
132	269.838	275.235	280.632	286.028	291.425	296.822	302.219	307.615	313.012
133	272.806	278.262	283.718	289.174	294.630	300.087	305.543	310.999	316.455
134	275.807	281.323	286.839	292.355	297.872	303.388	308.904	314.420	319.936
135	278.841	284.418	289.995	295.571	301.148	306.725	312.302	317.879	323.456
136	281.908	287.546	293.184	298.822	304.461	310.099	315.737	321.375	327.013
137	285.009	290.709	296.409	302.110	307.810	313.510	319.210	324.910	330.610
138	288.144	293.907	299.670	305.433	311.196	316.958	322.721	328.484	334.247
139	291.314	297.140	302.967	308.793	314.619	320.445	326.272	332.098	337.924
140	294.518	300.408	306.299	312.189	318.079	323.970	329.860	335.751	341.641
141	297.758	303.713	309.668	315.623	321.579	327.534	333.489	339.444	345.399
142	301.033	307.054	313.074	319.095	325.116	331.136	337.157	343.178	349.198
143	304.345	310.432	316.519	322.606	328.693	334.780	340.866	346.953	353.040
144	307.692	313.846	320.000	326.154	332.307	338.461	344.615	350.769	356.923
145	311.077	317.299	323.520	329.742	335.963	342.185	348.406	354.628	360.849
146	314.499	320.789	327.079	333.369	339.659	345.949	352.239	358.529	364.819
147	317.958	324.317	330.676	337.035	343.395	349.754	356.113	362.472	368.831
148	321.456	327.885	334.314	340.743	347.172	353.602	360.031	366.460	372.889
149	324.992	331.492	337.992	344.492	350.991	357.491	363.991	370.491	376.991

Launatafla I

Gildir frá 1. maí 2014 til 31. desember 2014

L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
150	328.567	335.138	341.710	348.281	354.852	361.424	367.995	374.566	381.138
151	332.181	338.825	345.468	352.112	358.755	365.399	372.043	378.686	385.330
152	335.835	342.552	349.268	355.985	362.702	369.419	376.135	382.852	389.569
153	339.529	346.320	353.110	359.901	366.691	373.482	380.272	387.063	393.854
154	343.264	350.129	356.995	363.860	370.725	377.590	384.456	391.321	398.186
155	347.040	353.981	360.922	367.862	374.803	381.744	388.685	395.626	402.566
156	350.857	357.874	364.891	371.908	378.926	385.943	392.960	399.977	406.994
157	354.717	361.811	368.906	376.000	383.094	390.189	397.283	404.377	411.472
158	358.619	365.791	372.964	380.136	387.309	394.481	401.653	408.826	415.998
159	362.563	369.814	377.066	384.317	391.568	398.819	406.071	413.322	420.573
160	366.552	373.883	381.214	388.545	395.876	403.207	410.538	417.869	425.200
161	370.584	377.996	385.407	392.819	400.231	407.642	415.054	422.466	429.877
162	374.660	382.153	389.646	397.140	404.633	412.126	419.619	427.112	434.606
163	378.781	386.357	393.932	401.508	409.083	416.659	424.235	431.810	439.386
164	382.948	390.607	398.266	405.925	413.584	421.243	428.902	436.561	444.220
165	387.160	394.903	402.646	410.390	418.133	425.876	433.619	441.362	449.106
166	391.419	399.247	407.076	414.904	422.733	430.561	438.389	446.218	454.046
167	395.725	403.640	411.554	419.469	427.383	435.298	443.212	451.127	459.041
168	400.078	408.080	416.081	424.083	432.084	440.086	448.087	456.089	464.090
169	404.479	412.569	420.658	428.748	436.837	444.927	453.016	461.106	469.196
170	408.928	417.107	425.285	433.464	441.642	449.821	457.999	466.178	474.356
171	413.426	421.695	429.963	438.232	446.500	454.769	463.037	471.306	479.574
172	417.974	426.333	434.693	443.052	451.412	459.771	468.131	476.490	484.850
173	422.571	431.022	439.474	447.925	456.377	464.828	473.280	481.731	490.182
174	427.220	435.764	444.309	452.853	461.398	469.942	478.486	487.031	495.575
175	431.919	440.557	449.196	457.834	466.473	475.111	483.749	492.388	501.026
176	436.670	445.403	454.137	462.870	471.604	480.337	489.070	497.804	506.537
177	441.474	450.303	459.133	467.962	476.792	485.621	494.451	503.280	512.110
178	446.330	455.257	464.183	473.110	482.036	490.963	499.890	508.816	517.743
179	451.239	460.264	469.289	478.313	487.338	496.363	505.388	514.412	523.437
180	456.203	465.327	474.451	483.575	492.699	501.823	510.947	520.071	529.195

Launatafla II									
Gildir frá 1. janúar 2015 til 30. apríl 2015									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
115	229.549	234.140	238.731	243.322	247.913	252.504	257.095	261.686	266.277
116	232.074	236.715	241.357	245.998	250.640	255.281	259.923	264.564	269.206
117	234.627	239.320	244.012	248.705	253.397	258.090	262.782	267.475	272.167
118	237.208	241.952	246.696	251.440	256.185	260.929	265.673	270.417	275.161
119	239.817	244.613	249.410	254.206	259.002	263.799	268.595	273.391	278.188
120	242.455	247.304	252.153	257.002	261.851	266.701	271.550	276.399	281.248
121	245.122	250.024	254.927	259.829	264.732	269.634	274.537	279.439	284.342
122	247.818	252.774	257.731	262.687	267.643	272.600	277.556	282.513	287.469
123	250.544	255.555	260.566	265.577	270.588	275.598	280.609	285.620	290.631
124	253.300	258.366	263.432	268.498	273.564	278.630	283.696	288.762	293.828
125	256.086	261.208	266.329	271.451	276.573	281.695	286.816	291.938	297.060
126	258.903	264.081	269.259	274.437	279.615	284.793	289.971	295.149	300.327
127	261.751	266.986	272.221	277.456	282.691	287.926	293.161	298.396	303.631
128	264.630	269.923	275.215	280.508	285.800	291.093	296.386	301.678	306.971
129	267.541	272.892	278.243	283.593	288.944	294.295	299.646	304.997	310.348
130	270.484	275.894	281.303	286.713	292.123	297.532	302.942	308.352	313.761
131	273.459	278.928	284.397	289.867	295.336	300.805	306.274	311.743	317.212
132	276.467	281.996	287.526	293.055	298.584	304.114	309.643	315.172	320.702
133	279.508	285.098	290.688	296.278	301.869	307.459	313.049	318.639	324.229
134	282.583	288.235	293.886	299.538	305.190	310.841	316.493	322.145	327.796
135	285.691	291.405	297.119	302.832	308.546	314.260	319.974	325.688	331.402
136	288.834	294.611	300.387	306.164	311.941	317.717	323.494	329.271	335.047
137	292.011	297.851	303.691	309.532	315.372	321.212	327.052	332.893	338.733
138	295.223	301.127	307.032	312.936	318.841	324.745	330.650	336.554	342.459
139	298.470	304.439	310.409	316.378	322.348	328.317	334.286	340.256	346.225
140	301.753	307.788	313.823	319.858	325.893	331.928	337.963	343.998	350.033
141	305.072	311.173	317.275	323.376	329.478	335.579	341.681	347.782	353.884
142	308.428	314.597	320.765	326.934	333.102	339.271	345.439	351.608	357.776
143	311.821	318.057	324.294	330.530	336.767	343.003	349.240	355.476	361.712
144	315.251	321.556	327.861	334.166	340.471	346.776	353.081	359.386	365.691
145	318.719	325.093	331.468	337.842	344.217	350.591	356.965	363.340	369.714
146	322.225	328.670	335.114	341.559	348.003	354.448	360.892	367.337	373.781
147	325.769	332.284	338.800	345.315	351.831	358.346	364.861	371.377	377.892
148	329.352	335.939	342.526	349.113	355.700	362.287	368.874	375.461	382.048
149	332.975	339.635	346.294	352.954	359.613	366.273	372.932	379.592	386.251

Launatafla II

Gildir frá 1. janúar 2015 til 30. apríl 2015

L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
150	336.638	343.371	350.104	356.836	363.569	370.302	377.035	383.767	390.500
151	340.341	347.148	353.955	360.761	367.568	374.375	381.182	387.989	394.796
152	344.085	350.967	357.848	364.730	371.612	378.494	385.375	392.257	399.139
153	347.870	354.827	361.785	368.742	375.700	382.657	389.614	396.572	403.529
154	351.697	358.731	365.765	372.799	379.833	386.867	393.901	400.935	407.969
155	355.566	362.677	369.789	376.900	384.011	391.123	398.234	405.345	412.457
156	359.477	366.667	373.856	381.046	388.235	395.425	402.614	409.804	416.993
157	363.431	370.700	377.968	385.237	392.505	399.774	407.043	414.311	421.580
158	367.429	374.778	382.126	389.475	396.823	404.172	411.520	418.869	426.218
159	371.471	378.900	386.330	393.759	401.189	408.618	416.048	423.477	430.906
160	375.557	383.068	390.579	398.090	405.602	413.113	420.624	428.135	435.646
161	379.688	387.282	394.876	402.469	410.063	417.657	425.251	432.844	440.438
162	383.865	391.542	399.220	406.897	414.574	422.252	429.929	437.606	445.283
163	388.088	395.850	403.612	411.373	419.135	426.897	434.659	442.420	450.182
164	392.357	400.204	408.051	415.898	423.746	431.593	439.440	447.287	455.134
165	396.673	404.606	412.540	420.473	428.407	436.340	444.274	452.207	460.141
166	401.036	409.057	417.077	425.098	433.119	441.140	449.160	457.181	465.202
167	405.447	413.556	421.665	429.774	437.883	445.992	454.101	462.210	470.319
168	409.907	418.105	426.303	434.501	442.700	450.898	459.096	467.294	475.492
169	414.416	422.704	430.993	439.281	447.569	455.858	464.146	472.434	480.723
170	418.975	427.355	435.734	444.114	452.493	460.873	469.252	477.632	486.011
171	423.584	432.056	440.527	448.999	457.471	465.942	474.414	482.886	491.357
172	428.243	436.808	445.373	453.938	462.502	471.067	479.632	488.197	496.762
173	432.954	441.613	450.272	458.931	467.590	476.249	484.908	493.568	502.227
174	437.716	446.470	455.225	463.979	472.733	481.488	490.242	498.996	507.751
175	442.531	451.382	460.232	469.083	477.933	486.784	495.635	504.485	513.336
176	447.399	456.347	465.295	474.243	483.191	492.139	501.087	510.035	518.983
177	452.320	461.366	470.413	479.459	488.506	497.552	506.598	515.645	524.691
178	457.296	466.442	475.588	484.734	493.880	503.026	512.172	521.317	530.463
179	462.326	471.573	480.819	490.066	499.312	508.559	517.805	527.052	536.298
180	467.412	476.760	486.108	495.457	504.805	514.153	523.501	532.850	542.198

13. FYLGISKJAL III: SAMKOMULAG SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA OG BANDALAGS STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

**Samkomulag
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja
undirritað 2. júlí 2014**

Samkomulag þetta verður hluti af kjarasamningum aðildarfélaga BSRB við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Forsendur samkomulags

Aðilar eru sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að sameiginlegum markmiðum, svo sem lægri verðbólgu, auknum kaupmætti og stöðugleika í íslensku efnahagslífi til lengri tíma. Þá er einnig markmið að stuðla að bættum vinnubrögðum við samningagerð meðal annars til að skapa samfellu og einfalda og samræma kjarasamninga auk þess sem lögð verði áhersla á að nýr kjarasamningur taki við af eldri samningi.

Viðræður um endurnýjun næstu kjarasamninga hefjist í september 2014. Unnið verður eftir viðræðuáætlun sem fylgir þessu samkomulagi og í samræmi við sameiginlegar forsendur og markmið aðila vinnumarkaðarins.

Launaþróun á opinberum og almennum vinnumarkaði

Aðilar eru sammála um að farið verði í að þróa aðferðarfræði við að meta laun og launaþróun á opinberum og almennum vinnumarkaði. Slík vinna er fyrirhuguð, m.a. í tengslum við endurskoðun lífeyrismála og munu aðilar beita sér fyrir því að hún verði unnin eins faglega og hagkvæmt og kostur er.

Þegar niðurstöður slíkrar vinnu liggja fyrir munu aðilar taka til umfjöllunar sín á milli hvort og þá með hvaða hætti hægt sé að nýta þá aðferðarfræði, annars vegar til að draga úr launamun þar sem hann er fyrir hendi og hins vegar með hvaða hætti samspil launaákvæðana á almennum og opinberum vinnumarkaði verði metið svo launaþróun milli markaða haldist í hendur.

Aðilar eru sammála um að þetta sé verkefni sem vinna eigi á vettvangi SALEK samstarfsins.

Viðbótarframlag í starfsmenntasjóði/starfsþróunarsjóði

Í samningi aðila dags. 13. febrúar 2013 var samkomulag um að framlög til fræðslusjóða/starfsmenntasjóða eða styrktarsjóða/sjúkrasjóða hækki í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015, sem útfært yrði nánar í næstu kjarasamningum.

Aðilar eru sammála um að frá og með 1. maí 2014 verði iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum félagsmanna lagt inn í viðeigandi fræðslusjóði samkvæmt nánari ákvörðun stéttarfélaganna.

Þetta iðgjald skal annars vegar nýtt til að stuðla að aukinni þekkingu um mannauðsmál og hins vegar til að styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði stéttarféлага hjá sveitarfélögunum og stofnunum þeirra.

Skrifleg staðfesting ráðninga

Ætíð skal gera skriflegan ráðningarsamning við starfsmann, sbr. samning aðila um ráðningarsamninga og tilskipun. Brjótí atvinnurekandi gegn ákvæðum þessarar greinar getur það varðað hann skaðabótum samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Breytingar á ráðningarkjörum umfram það sem leiðir af lögum eða kjarasamningum er rétt að staðfesta skriflega eigi síðar en mánuði eftir að breytingarnar taka gildi.

Bókanir:

Bókun 1, um launaupplýsingar

BSRB og Samband íslenskra sveitarféлага eru sammála um að gera samkomulag um skil á reglulegum launaupplýsingum til BSRB við valin sveitarfélög, sem gefi góða mynd af verkefnum sveitarféлага. Útfærsla samkomulagsins liggja fyrir í október 2014 og launaupplýsingar berist frá 1. janúar 2015.

Bókun 2, um málefni vaktavinnufólks

Aðilar eru sammála um að frá og með 30. apríl 2015 verði eftirfarandi breyting á gr. 2.6.2:

Þar sem unnið er á reglubundnum vinnuvöktum skal vaktskrá, er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, lögð fram mánuði áður en fyrsta „vakt“ samkvæmt skránni hefst, nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest.

Sé vaktskrá breytt með skemmri en 24 klst. (sólarhrings) fyrirvara skal greiða aukalega 3 klst. í yfirvinnu og innan 168 klst. (vika) skal greiða aukalega 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu að beiðni yfirmanns, með minna en 24 klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og á sérstökum frídögum, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 2 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

Bókun 3, um tilhögun vakta

Aðilar eru sammála um að skipulag vaktavinnu þar sem vaktir eru mislangar, fleiri og styttri en starfshlutfall starfsmanns kveður á um þannig að hann þurfi að koma til starfa oftast en einu sinni á sólarhring sé íþyngjandi fyrir viðkomandi starfsmann umfram það sem almennt gerist.

Í septembermánuði 2014 munu aðilar kanna vaktafyrirkomulag hjá þeim sveitarfélögum sem um ræðir og í samvinnu við þau leita leiða til úrbóta.

Bókun 4, um vaktavinnunámskeið

Aðilar stefna að því að þeir stjórnendur sem skipuleggja vinnu á reglubundnum vöktum og starfsmenn sem ganga reglubundnar vaktir, skuli eiga þess kost að sækja námskeið í gerð vaktskráa sem taka mið af líkamsklukkum og heilsuvernd. Einnig með hvaða hætti hægt sé að tryggja að tekið sé tillit til nýjustu þekkingar á áhrifum vaktavinnu á starfsmenn við skipulagningu vinnunnar. BSRB kallar saman starfshóp BSRB, ASÍ og SNS til að vinna málið áfram.

Bókun 5, um skólanefnd

Á samningstímanum munu samningsaðilar vinna sameiginlega að því að koma á námskeiðum í „Starfsnámi stuðningsfulltrúa“ í samræmi við eftirspurn og þarfir starfsmanna og starfsstaða.

Undirbúningur aðila mun hefjast í september 2014 og miðað er við að fyrstu námskeiðin verði haldin fyrir áramót 2014/2015 á vegum fræðslusetursins Starfsmenntar og í samstarfi við aðrar Fræðslumiðstöðvar þar sem það á við. Aðilar munu standa sameiginlega að kynningarátaki á náminu og Samband íslenskra sveitarfélaga mun beita sér fyrir því að sveitarfélög styðji við verkefnið með því að skipuleggja og liðka fyrir þátttöku starfsmanna. Starfsmaður sem sækir námskeiðin skv. heimild skal halda reglubundnum launum á meðan ef námskeiðstími rekst á skipulagða vakt skv. vaktskrá.

Bókun 6, um starfsmannamál í málefnum fatlaðra

Samningsaðilar eru sammála um að skipa starfshóp með tveimur frá hvorum aðila og áheyrnarfulltrúa frá velferðarráðuneytinu sbr. bréf frá ráðuneytinu til BSRB dagsett 23. maí 2014.

Hlutverk hópsins er að skoða þróun starfsmannamála í málefnum fatlaðra en málaflokkurinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaganna 2011.

Hópurinn skal skoða hvernig staðið var að flutningi starfsmannanna með tilliti til kjaramennta- og réttindamála. Hópurinn skal skilgreina í byrjun hvernig og hvað hópurinn tekur fyrir en þar má nefna sem dæmi eftirfarandi:

- Stéttarfélagsaðild
- Launaþróun
- Hvernig hefur gengið að viðhalda menntunarstigi starfsmanna
- Framboð á starfsmenntun t.d. stuðningsfulltrúa, félagsliða og sjúkraliða nú, miðað við áður
- Viðhorfskönnun

Starfshópurinn skal skila af sér eigi síðar en 31. desember 2014.

Fulltrúar BSRB í starfshópnum skulu kalla saman hópin.

Viðræðuáætlun

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi viðræðuáætlun verði sameiginleg öllum aðildarfélögum, eftir því sem við getur átt.

1. Markmið

Aðilar munu hefja viðræður í september 2014, vegna þeirra kjarasamninga sem framlengdir eru með samningi þessum og gilda til 30. apríl 2015. Markmið aðila er að ljúka gerð nýrra samninga fyrir þann tíma, þar sem stefnt verði að vaxandi kaupmætti, efnahagslegum stöðugleika, bættri samkeppnisstöðu atvinnulífsins og stöðugu gengi krónunnar.

2. Samningsumboð

Fyrir 1. september leggi samningsaðilar skriflega fram skipun samninganefnda og umboð þeirra til samningaviðræðna.

3. Launatölfræði og efnahagsupplýsingar

Haustið 2014, eða eins fljótt og auðið er, munu samningsaðilar, í samvinnu við aðra aðila á vinnumarkaði, kortleggja samningsniðurstöður á samningssviði aðila og leggja mat á framkvæmd og áhrif samninganna á grundvelli gagna frá Hagstofu Íslands. Í þeirri vinnu verður einnig litið til undangenginna tveggja samningstímabila. Niðurstöður verði gefnar út í skýrslu.

Skýrslan „Í aðdraganda kjarasamninga – efnahagsumhverfi og launaþróun“ frá október 2013 sem unnin var af samningsaðilum á opinberum- og almennum vinnumarkaði verður uppfærð fyrir lok september 2014. Aðilar eru sammála um að þetta sé verkefni sem vinna eigi á vettvangi SALEK samstarfsins.

4. Sérmað önnur en launaliðir

Viðræður einstakra samningsaðila um breytingar á þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem aðildarfélög BSRB fela bandalaginu, þar með talið málefni vaktavinnufólks, skulu koma fram fyrir lok september 2014.

5. Endurskoðun viðræðuáætlunar

Fyrir lok mars 2015 skulu aðilar sameiginlega meta stöðu viðræðna og þörf fyrir endurskoðun viðræðuáætlunar. Þar skal tekin afstaða til þess hvort óskað er milligöngu ríkissáttasemjara.

6. Launaliðir

Viðræður aðildarfélaga BSRB um launalið hefst í lok mars 2015 á grundvelli krafna sem þá skulu vera komnar fram frá einstökum aðildarfélögum.

7. Fyrirkomulag samningaviðræðna

Fundir skulu að jafnaði haldnir í húsakynnum ríkissáttasemjara nema samkomulag verði um annað.

8. Fundaáætlun / tímasett markmið

Þegar kröfur liggja fyrir geri aðilar áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum. Skal sú áætlun liggja fyrir ekki síðar en fjórum vikum eftir að kröfur voru formlega settar fram.

9. Lok viðræðna

Hafi samningar ekki tekist fjórum vikum áður en kjarasamningar renna út skal tekin ákvörðun um það hvort og þá hvenær ríkissáttasemjari taki við stjórn viðræðna.

Forsenda gildistöku samkomulagsins

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga undirritar samkomulag þetta með þeim fyrirvara að eftirfarandi stéttarfélög samþykki fyrirliggjandi samkomulag frá 1. júlí 2014, sem hluta af breytingum á kjarasamningum aðila.

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
SFR stéttarfélag í almannajónustu
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
Starfsmannafélag Fjallabyggðar
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
Starfsmannafélag Húsavíkur
Starfsmannafélag Kópavogs
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar v/Akraness og Seltjarnarness
Starfsmannafélag Suðurnesja
Starfsmannafélag Vestmannaeyja

Reykjavík. 2. júlí 2014

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

F.h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja

Yfirlýsing aðila um stéttarfélagsaðild starfsmanna í málefnum fatlaðra

Málefni fatlaðs fólks var flutt frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Vegna þeirra breytinga var settur á stofn starfshópur um starfsmannamál sem fulltrúar BSRB áttu aðild að. Í þeim hópi var mikil umræða um stéttarfélagsaðild starfsmanna en starfsmenn voru aðallega í þremur stéttarfélögum, SFR- stéttarfélagi í almannabjónustu, Sjúkraliðafélagi Íslands og Þroskajálfélagi Íslands. Stéttarfélagsaðildin kom líka til umræðu við stjórnvöld á þessum tíma, þar sem aðallega var tekist á um hvort félagsmenn SFR gætu verið áfram aðilar að því félagi eða að þeir yrðu félagsmenn viðkomandi bæjarstarfsmannafélags. Niðurstaða í þeirri umræðu varð að félagsmenn SFR gætu haldið áfram félagsaðild en allir nýir starfsmenn yrðu félagsmenn viðkomandi bæjarstarfsmannafélags. Samkvæmt þessu var gerð breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Við lögin var bætt 9. - 12. mgr. í 6. gr. laganna en þar segir:

“ [Þeir starfsmenn sem eru félagar í SFR – stéttarfélagi í almannabjónustu og gerast starfsmenn sveitarfélaga 1. janúar 2011 á grundvelli breytinga á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, skulu eiga þess kost að vera áfram í sama stéttarfélagi sem fer þá með samningsumboð fyrir þeirra hönd við viðkomandi sveitarfélög.

Starfsmenn sem falla undir lög þessi og koma til starfa eftir 1. janúar 2011 skulu verða félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða í öðru því félagi sem hefur samkvæmt lögum þessum ótakmarkað samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn.

SFR – stéttarfélag í almannabjónustu skal hafa tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi fyrir 15. janúar 2011 fyrir hvaða starfsmenn það fer með samningsumboð gagnvart viðkomandi sveitarfélagi á grundvelli þessara laga.

SFR – stéttarfélag í almannabjónustu skal því aðeins hafa samningsumboð gagnvart viðkomandi sveitarfélagi fyrir starfsmenn skv. 9. mgr. að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt skv. 11. mgr.]3)”

Samkvæmt framansögðu skulu því starfsmenn í málefnum fatlaðra sem hófu störf fyrir 1. janúar 2011 haft val um að vera félagsmenn í SFR. En starfsmenn sem hófu störf frá og með 1. janúar 2011 skulu vera félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélögum eða öðru því félagi sem hefur ótakmarkað samningsumboð á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 4. og 5. gr. laganna.

14. FYLGISKJAL IV: VIÐAUKI VIÐ VIÐRÆÐUÁÆTLUN

Fyrirkomulag kjaraviðræðna

Kröfugerðir aðila skulu koma fram eigi síðar en í lok janúar 2015. Á grundvelli þeirra gera aðilar tímasetta áætlun um innihald og framgang viðræðna.

Fundi skal að jafnaði halda í húsakynnum ríkissáttasemjara nema samkomulag verði um annað. Fundir verði skráðir sem og efni þeirra.

Framgangur í starfi

Aðilar eru sammála um að vinna að nánari útfærslu á gr. 10.2.3 með það að markmiði að hún nái einnig til skilgreinds starfstengds náms á vegum fræðsluaðila, sem hafa hlotið viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og eftir atvikum öðrum lögum. Skipuð verði sameiginleg sex manna nefnd aðila, tveimur fulltrúum frá BSRB, einum frá ASÍ og þremur frá SNS, sem hefur það hlutverk að meta námsleiðir og úrskurða hvort námið og fræðsla fellur undir ákvæði samnings þessa. Aðilar skulu skilgreina hvaða starfstengdu námsbrautir geta fallið hér undir og skal þeirri vinnu lokið í síðasta lagi 30. apríl 2015. Þar verði einnig skoðað með hvaða hætti hægt væri að meta framhaldsnám í viðurkenndum starfsgreinum.

Leiðrétting launatöflu og tengitöflu

Aðilar eru sammála um að áfram verði unnið að lagfæringu á launatöflunni og tengingu hennar við starfsmat svo að stigabil verði sem jafnast. Fyrir lok september 2014 verði hafnar viðræður um útfærslur á launatöflu og tengitöflu sem taki gildi við upphaf næsta kjarasamnings aðila.

Fatamál starfsmanna

Aðilar eru sammála um að skipa nefnd til að fara yfir fatamál starfsmanna sem komi með tillögur um að heimilt verða að greiða fyrir fatnað að hluta í stað fatnaðar sem um getur í grein 8.2.5, einkum hjá starfsmönnum skóla.

Nefndin skal skipuð sex aðilum, tveimur fulltrúum frá BSRB, einum frá ASÍ og þremur frá SNS. Nefndin skal skila niðurstöðum sínum fyrir lok nóvember 2014.

Endurskoðun viðræðuáætlunar

Fyrir lok mars 2015 skulu aðilar meta stöðu viðræðna og þörf fyrir endurskoðun viðræðuáætlunar. Þar skal tekin afstaða til þess hvort óskað er milligöngu ríkissáttasemjara skv. 1. mgr. 24.gr. laga nr. 80/1938.

